

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Rusladagur
- Smári

Næsti Pési kemur út 13.júní 2013

Athugið!!

Vegna breytinga á póstdreifingu verður efni í júní Pésann að berast í allra síðasta lagi fimmtudaginn 6. júní

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Tónleikar	6
Kirkjustarfið	8
Smári	14
Landstólpi	16
Búnaðarfélagið	18

Pési



Maí 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 271. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 486 6708
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sveitarstjórapistill

Nú í upphafi maí mánaðar er loks hægt að segja að vorið sé komið. Ég býst við að það séu nokkrir orðnir langeygir á því að geta byrjað að pota niður korni eða grænmeti, þannig að eflaust er allt á fullu víða og ekki mikið sofið. Þá eru blessuð lömbin einnig komin á kreik, græni liturinn á umhverfinu að verða alltaf meira áberandi og allt að lifna við. Sem sagt afskaplega uppbyggjandi og skemmtilegt tímaskeið.

Á þessum tímapunkti liggja einnig fyrir niðurstöður á rekstri sveitarfélagsins fyrir árið 2012. Rekstrarhagnaður sveitarfélagsins eru tæpar 38 milljónir sem í sjálfu sér er ekki slæm tala. Hins vegar vil ég vara við því að gera of mikið úr þessu því m.a. er um að ræða hagnað vegna niðurfærslu gjaldeyrisláns og söluhagnað. Reksturinn sjálfur er þó réttu megin við núllið og er það vel enda við nokkuð ánægð með það sem komst í verk á síðasta ári. Málið er að sveitarfélagið þarf að hafa fyrir öllu því sem það gerir og okkar tekjustofnar eru með þeim hætti að það er ekkert sjálfgefið sem kemur inn í okkar sameiginlega sjóð. Það er síðan okkar sameiginlega verkefni að gera eins mikið og hægt er úr þeim möguleikum sem við höfum.

Það var gaman að sjá hvað vel tókst til með íbúakosninguna um gatnamótin við Samkaup Strax á Flúðum. Það hefði hins vegar verið betra að þetta hefði verið meira afgerandi en síðan er það hreppsnefndar að vinna úr niðurstöðunum. Ég vil þakka kjörstjórninni og formanni kjörstjórnar fyrir afar góða vinnu við undirbúning og framkvæmd á íbúakosningunni. Það er spennandi fyrirkomulag að nýta íbúalýðræðið og verður eflaust notað meira í framtíðinni, bæði af okkur og öðrum sveitarfélögum, en okkar tilraun hefur vakið mikla athygli. Síðar munu svo rafrænar kosningar eiga eftir að ryðja sér til rúms.

Það var gaman að sjá hvað vel tókst til á rusladaginn á Flúðum og sú tilraun að virkja Flúðaskóla gekk vel og kunnum við Flúðaskóla okkar bestu þakkir fyrir samstarfið. Þetta gæti verið það fyrirkomulag sem notað verður í framtíðinni. Hins vegar verður að hvetja fólk til að taka þátt í þessu fyrirbæri okkar sem er nokkuð sérstakt. Ég hefði viljað sjá meiri þátttöku almennings og fyrirtækja í þessu framtaki og enn og aftur vil ég hvetja alla til að bera ábyrgan hátt á umhverfi sínu.

Þá vil ég hvetja bændur og landeigendur í Hreppnum að taka þátt í því að hreinsa rusl fyrir sínu landi en mér finnst bera á að það hafi ekki verið gert, sérstaklega fer í taugarnar á mér þegar plast hangir á girðingum og trjám með vegum. Endilega bætið úr þessu því þetta er það fyrsta sem gestir okkar taka eftir þegar þeir renna í gegnum Hreppinn.

Þau á Seli stefna að því að hafa bændamarkað þar í sumar í tengslum við ferðapjónustuna á staðnum og vonandi gengur það upp. Miðað við reynslu fyrri sumra þá er þetta það verslunarform sem fólk vill upplifa og dásamar mjög. Annað ánægjulegt mál í hreppnum er það að nú atvikaðist það svo að við eigum fulltrúa í Olympíuleikunum í stærðfræði sem fram fara í Kolumbíu í sumar. Það er hann Jón Aron Lundberg og óskum við honum til hamingju með þetta frábæra afrek. Ég skora á fólk og fyrirtæki að styðja hann vegna þessa verkefnis en ljóst er að sumarið hjá honum fer í undirbúning og keppni. Annað jákvætt mál er að nú í maí er verið að gera tilraun með að bjóða upp á sér tíma í sundleikfimi í sundlauginni á Flúðum fyrir eldri borgara. Vel er mætt og það væri gaman að framhald yrði á þessu en það er draumur hjá mér að eldri borgarar nýti meira aðstöðuna í sundlauginni og tækjasal íþróttahússins sér til heilsubótar, en það er eins og kunnugt er þeim að kostnaðarlausu.

Nú eru framkvæmdir sumarsins að fara af stað. Búið er að bjóða gatnagerð í Ásastíg út og var Gröfutækni með lægsta boðið. Það verður gott að sjá eina götu í viðbót komast í varanlegt horf. Þá fer væntanlega að sjást meira til annarra verka sumarsins fljótlega. Við fáum sjálfboðaliða á vegum SEEDS í byrjun júní og væntanlega nýtum við starfskrafta þeirra í umhverfistengd mál. Þá fer vinnuskóli sveitarfélagsins af stað um miðjan júní og skora ég á áhugasama krakka á aldrinum 14-16 að hafa samband við okkur sem fyrst hvað það varðar.

Nokkar breytingar eru að verða á starfsmannamálunum. Hún Lilja snýr aftur til baka á skrifstofuna eftir árs frí. Það vantar kennara í nokkur stöðugildi í skólanum og verið er að vinna í því að fá góða einstaklinga í þau störf. Þá hættir Eygló umsjónamaður félagsmiðstöðvarinnar Zero störfum hjá okkur en fer þó ekki langt því hún fer í kennslu í Flúðaskóla. Vil ég þakka henni afar góð störf í þágu félagsmiðstöðvarinnar og uppbyggingu hennar en félagsmiðstöðin er að verða fastur punktur í tilveru krakkanna okkar.

Eigum öll gott vor.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Hreinn Hrunamannahreppur er fallegur hreppur

Ruslahreinsunarátakið 26. apríl síðastliðinn tókst prýðilega í samstarfi við nemendur og starfsfólk Flúðaskóla auk aðkomu starfsmanna hreppsins. Duglegir umráðamenn lóða hreinsuðu einnig sín svæði. Sérstök ástæða er til að þakka síungum Karli Gunnlaugssyni fyrir sitt framlag. Eins og alltaf safnaðist mikið af allskyns rusli og er Flúðahverfið miklu mun snyrtilegra eftir átakið. Miklu munaði að veðrið var mjög hagstætt og stemningin góð og frammistaða allra þátttakenda til fyrirmyndar. Ég er stoltur af unga fólkinu okkar sem lagði sig fram um að fegra umhverfið.


En ljóst er að átakið var að verulegu leyti bundið við þéttbýlið á Flúðum og allvíða er ýmiskonar rusl við vegi og heim við bæi. Hrunamenn eru stoltir af fallegu sveitinni sinni og við viljum að allir þeir sem eigi leið um hreppinn sjái fegurðina og hreinleikann sem svæðið er þekkt fyrir. Plast á girðingum, trjám og víðar, auk annars rusls, er lýti á umhverfinu og engum til sóma. Nú eru miklar annir hjá bændum en vonandi finnst laus stund til að bæta umhverfisásýndina. Líklegt er að hægt sé að semja um að krakkarnir í 9. bekk taki að sér hreinsun hjá þeim sem ekki komast til þess, gegn sanngjarnri þóknun sem færi í ferðasjóð unglinganna vegna fyrirhugaðrar Danmerkurfarar í haust.

Virðingarfyllst, Gunnar Þór Jóhannesson ruslamálaráðherra
2013

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir





Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 18. júní til og með 19. júlí í sumar.
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 1996 –1999.



Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 24. maí
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 ,
eða á netfang: hruni@fludir.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

Söngsveitin Tvennir tímar

Heldur vortónleika laugardaginn 25. maí kl. 15:00
í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum.
Aðgangseyrir kr. 1500
Kaffi á könnunni.



Stjórnandi: Stefán Þorleifsson
Bassi: Róbert Dan Bergmundsson
Trommur: Stefán Ingimar Þórhallsson

Á dagskrá er:

Á vængjum ljóðs og laga

Joh. F. Hagdors - Gunnar M. Magnúss.

Hin ljúfa sönglist

Erl. lag - Steingrímur Thorsteinsson

Nú gleðiómar ymja

Fritz Dietrich - Þórður Kristleifsson

Söngur sáðmannsins

Friðrik Bjarnason - Bjarni Ásgeirsson

Þú nafnkunna landið

Sigvaldi S. Kaldalóns - Bjarni Thorarensen

Fram í heiðanna ró

Daniel E. Kelley - Friðrik A. Friðriksson,
radds. Stefán Þorleifsson

Sumarkvöld

Sigurður Ágústsson

Sem lindin tær

F. Cassano & C. Conti - Bjarki Árnason, radds. Stefán Þorleifsson

Góðir vinir

Leonard Cohen - Unnur Halldórsdóttir

Afadrengrur

Sigfús Halldórsson - Úlfur Ragnarsón, radds. Stefán Þorleifsson

Vikivaki

Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum, radds. Stefán Þorleifsson

Við eigum samleið

Sigfús Halldórsson - Tómas Guðmundsson, radds. Stefán Þorleifsson

Ágústnótt

Oddgeir Kristjánsson - Árni úr Eyjum

Stingum af

Mugison, radds. Stefán Þorleifsson



Afgreiðslutímar Kaffi-Sels í sumar

Opið alla daga frá kl. 8.00 – 20.30

*Í undirbúningi er að opna Bændamarkaðinn
laugardaginn*

*1. júní n.k. á Efra-Seli.
Nánar auglýst síðar.*

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi þriðjudaginn 21. maí 2013
Tímapantanir í síma: 863 0433
Sólveig Jóhannsdóttir



Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna/Bárunnar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 31. maí n.k.

Hrunaprestakall – fermingar og Skálholtsferðir

Um hvítasunnuna verður fermt í báðum kirkjum og þar með lýkur fermingum þetta árið. Þessi börn verða fermd:

Hruni, hvítasunnudagur kl. 14:

Aníta Víðisdóttir, Högnastíg 10, Flúðum

Anton Gunnlaugur Óskarsson, Miðhof 8, Flúðum

Sigurlaug Þóra Sophusdóttir, Álfheimar 58, Reykjavík

Svava Lovísa Aðalsteinsdóttir, Hrafnkelsstöðum 3,

Tobias Már Ölvisson, Smiðjustígur 19, Flúðum,

Viktor Máni Sigurðsson, Norðurhof 4, Flúðum

Hrepphólar, 2. hvítasunnud. kl. 11:

Brynja Sólveig Pálsdóttir, Núpstúni,

Ragnheiður Björk Einarsdóttir, Miðfelli 2a,

Samstarf og samsöngur í Skálholti

Sunnudaginn 2. júní n.k. kl. 11 verður efnt til sameiginlegrar guðsþjónustu allra sókna í Hrunaprestakalli og verður hún haldin í Skálholtsdómkirkju. Það er vel við hæfi enda er sú kirkja höfuðkirkja héraðsins.

Skemmst er að minnast þess að á uppstigningardag var sameiginleg guðsþjónusta og kirkjukaffi í Skálholti á vegum prestakallanna í uppsveitum þar sem kór eldri borgara “Tvennir tímar” söng undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Samkoman var vel sótt á milli 70 og 80 manns úr uppsveitum en uppstigningardagur er víða heiðraður sem kirkjudagur eldri borgara.

Þá má minna á að í ár eru 50 ár frá vígslu Skálholtsdómkirkju og verður þess minnst með veglegum hætti helgina 20. – 21. júlí.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Gönguferðir

Hinar árlegu gönguferðir Félags eldri Hrunamanna hefjast *þriðjudaginn 14. maí kl 10:30.*

Lagt verður af stað frá bílastæðinu austan við Félagsheimilið.

Róleg og gefandi ganga. Allir velkomnir.
Stjórnin



©Ron Leishman - illustrationsOf.com/494424

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



virding vitneskja Hrunamannahreppur, 845 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludaskoli.is

Starfsmann vantar einn mánuð í mötuneyti Flúðaskóla. Um er að ræða 60% starf, frá 1. – 30. júní 2013, við eldamennsku og þrif. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af sambærilegri vinnu.

Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu Pétursdóttur skólastjóra Flúðaskóla, í síma 4806611, einnig má senda tölvupóst á gudrunp@fludaskoli.is.

Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is




LAUGARVATN
fontana
Hólsulind frá landsnámi

Hreinsun á rotþróum í Hrunamannahreppi!!

Frá 22. maí og fram eftir sumri stendur til að hreinsa rotþrær í efri hluta og austur hluta Hrunamannahrepps.

Þ.e. svæðið frá Bryðjuholti til Tungufells og Jaðars, og frá Galtafelli að Laugum, Kaldbak og Sólheimum.

Stórkeppnin Brokk & Skokk
Ágætu sveitungar takið frá
sunnudaginn 23. júní .



En þá verður haldin í fyrsta skipti á Íslandi,
keppnin:

Brokk & Skokk.

Nánari upplýsingar verða sendar út síðar en til að fá einhverja hugmynd um þessa keppni er hægt að skoða þessa síðu <http://www.rideandtie.org/>.

Nú er um að gera að fara að þjálfra og mæta í keppnina:)
Sjáumst hress og kát.

Tamning og Þjálfun

Verð með aðstöðu til að taka að mér hross í tamningu og þjálfun í Reykjadal frá og með 1. júlí 2013.

Hef lokið tamningarprófi frá Hólaskóla og er með yfir 15 ára reynslu í tamningum og þjálfun hrossa, hvort sem það er hinn almenni reiðhestur, keppnis- eða kynbótahross.

Samviskusemi og vönduð vinnubrögð í fyrirrúmi.



Jón William Bjarkason

www.hrunahestar.com

Járningar

Tek að mér að járna hross í nágrenninu frá og með 1. júlí 2013, hef yfir 15 ára reynsla af járningum á bæði reið-, keppnis- og kynbótahrossum.

Samviskusemi og vönduð vinnubrögð í fyrirrúmi.

Jón William Bjarkason

www.hrunahestar.com



Húsnæði óskast

Flytjum frá Danmörku í lok júní og leitum okkur að húsnæði til leigu á Flúðum eða í nágrenni fyrir tvo fullorðna einstaklinga og hund.

Reglusemi, öruggum greiðslum og snyrtimennsku heitið.

Vinsamlegast hafið samband í síma:

4960002/8653504

eða 0045 29715033

netfang: gudridur88@gmail.com



Guðríður Eva og Jón William

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Sundlaugin á Flúðum.



Opnunartími frá 10. júní til 21. júní:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00.

Opnunartími frá 22. júní til 5. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga 10:00-18:00

Opnunartími frá 6. ágúst til 16. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Sumaropnun:

Föstudagana 17. og 24. maí er lokað!

Frá 28. maí til 7. júlí:

Þriðjudaga – fimmtudaga frá 17:00 – 20.00.

Lokað: Frá 8. júlí til 5. ágúst.

Frá 6. ágúst til 16. ágúst er opið á
Þriðjudögum og fimmtudögum frá kl: 17:00-20:00.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Smárafréttir

MAÍ 2013



***Íþróttamót Smára og Loga ásamt sameiginlegu
tölmóti Smára, Loga og Trausta.***

Hrísholti 8 júní 2013

Boðið verður upp á eftirfarandi greinar:

Tölt : 1 flokkur, 2 flokkur, ungmenna-, unglinga- og barnaflokkur

Fjörgangur : 1 flokkur, ungmenna-, unglinga- og barnaflokkur

Fimmgangur : 1 flokkur, ungmenna- og unglingaflokkur

100 m flugskeið : 1 flokkur og 17 ára og yngri

Skráningargjöld eru 3000 kr fyrsta skráning og 2000 kr eftir það í öllum flokkum nema barnaflokki þar sem fyrsta skráning er 2000 kr og 1500 næsta.

Skráningargjöld greiðast með peningum við fótaskoðun. ATH. EKKI POSI. (Séu skráningargjöld ekki greidd fær viðkomandi keppandi ekki að vera með)

***Skráningu lýkur á miðnætti 3 júní 2013 á netföngin smari@smari.is
og ksb@internet.is***

Í skráningu þarf að koma fram nafn og kennitala keppanda, IS númer og nafn hests, í hvaða flokk og greinar er skráð og upp á hvora höndina skal riðið.

Nánari fyrirkomulag og dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

SMÁRI



1

Firmakeppni Smára fór fram 1 maí síðastliðinn og má finna úrslit og myndir frá mótinu inn á www.smari.is

Meðfylgjandi er listi yfir þau fyrirtæki og einstaklinga sem lögðu félaginu lið og þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.



Aðalsteinn Aðalsteinsson Málarameistari Auðsholtsbúið ehf
Ábótinn ehf Áhaldahúsið Steðji Baldvin og Þorvaldur ehf Bilar og lömb,
Grafarbakka Bjarni G. Bjarnason Skeiðháholti 3 Blesastaðir Ból-félagar,
Ásatúni Brigitte Brugger Bryðjubholt Búnaðarfélag Hrunamanna Bökun
Auðsholti Efra Langholt Eiríkur Túnsbergi Ferðaþjónustan Steinsholti
Félagsheimilið Flúðum Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Fjölskyldan Skeiðháholti 1 Flúðafiskur Flúðaleið Flúðaverktakar
Flækja og félagar Fólaldaqöðrunin Hrafnkelsstöðum Fögrusteinar ehf
Garðyrkjustöðin Reykási Geitaræktabúið Vorsabæ Gistiheimilið Grund
Grænmetisbúið Melar Gröfufækni Harri Hamar, feti framur Haukholt 1
Hár Hrun Heimir Málari Hestaleigan Syðra Langholti Hjalli Gunn Hótel Flúðir
Hótel Hekla Brjánstöðum Hrepphólabúið Hrossaræktunarbúið Miðfelli
Hrossaræktunarbúið Skollagróf Hrossaræktunarfélag Hrunamanna
Hrunamannahreppur Högnastaðabúið Ingvar og Svala, Fjalli Jörðin Jaðar ehf
Kaffi- Sel Kaffihúsið Mika Kertasmíðjan Kílhraun.is Kjöt frá Koti
Kurlproject Iceland Kúabúið kotlaugum Land og Hestar
Ljósmyndir Sigga Sigmunds. Miðfellsbestar, Adda og Einar Pizzavagninn
Rabbabaráflokkurinn S.R. Grænmeti S.S. Sauðfjárabúið Syðra Langholti
Sauðfjáræktunarfélag hrunamanna Skeiða- og Gnúpverjahreppur Skipholt 3
Smári Vignisson Syðra-Langholt gistiheimili Útlaginn
Tamningastöðin Efri-Brúnavöllum Tamningastöðin Langholtskoti
Túnsbergsbúið. Valgeir og Guðrún, Þverspyrmu Vélaverkstæðið Klakkur

Stjórn og nefndir Smára þakka fyrir viðburðaríkan vetur og óska Smárafélögum gleðilegs sumars, vonumst til að sjá sem flesta á íþróttamótinu og minnum á Gæðingamótið sem haldið verður 20 júlí Minnum einnig á heimasíðuna www.smari.is og facebook síðu Smára þar sem fylgjast má með viðburðum á vegum félagsins.

Í sauðburðinn

Lambduft

6.990,-



LactoStart



Baðiafnaköggjar fyrir lambær og hámjólka kýr. LactoStart inniheldur pröbylenglycol, nýjaci, sekinuppleystum próteínum ásamt öðrum baðiafnum til að fyrirbyggja súrðaða og baða mælinguna.

Fóðun:

Síðustu þjár vikur fyrir burð 0,5 kg. á dag
Eftir burð 0,5 - 2,0 kg. á dag í 3 - 6 vikur
Fyrir sauðfé:
Allt að 100 gr. á dag við og eftirburð

Lambapelli 1 líter



Lambatúttufötur

5 túttu 8 L



6 túttu 8 L



Burðarslim



Lamb-Aid



Baðir mælinguna og styrkir ónámiskerfið. Eykur mótstöðu gegn hryðslátt.

Handgerileyðir



Lambas nara



"Klaufa" klippur



Markatöng



Varpköggjar og ungapóður

Nú er ungapóðrið komið



Útsæði



Gullauga

Rauðar

Premier



Gunnbjörn arhólf,
801 Selfoss
Sími 480 5600



Systkinin Sveinn Sveinsson og Guðrún Sveinsdóttir, en þau voru með muni til sölu á handverkssýningunni þann 30. apríl sl. Ljósmynd: SigSigm

Landflutningar
SAMSKIP

Flúðaleið ehf

EIMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



HVAMMUR II
garðyrkjustöð



Garðyrkjustöðin Hvammur 2 (Við Flúðir)

Höfum til sölu úrval af trjám, runnum og sumarblómum.

Matjurtir og kryddplöntur.

Gjafabréf.

Símar: 4866640, 8956014 Jóhannes,
8642154 Kristín, 8980913 Helgi

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Við viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins. Í vor var keypt nýtt fjaðraherfi með 4,5 m vinnslubreidd. Eldra fjaðraherfi var selt. Einnig er í pöntun haugsuga með áfyllingarbúnaði og regnbýssu. Hún er aðeins minni en eldri sugan eða 2500 gallon. Haugsugan tafðist eitthvað í framleiðslu en vonandi kemur hún fljótlega til landsins. Í fyrravor var keyptur 2ja poka áburðardreifari með jaðarbúnaði og loki. Hann kom dálítið seint um vorið og hefur ekki verið mikið notaður. Rétt er að minna á, að ef tækjum er skilað skítugum er innheimt 5.500 kr. hreinsunargjald. Sérstaklega er áriðandi að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli. Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Kotlaugum og sjá Aðalsteinn og Sigurjón um tækin. Pantanir eiga að berast til þeirra. Hestakerran er staðsett á Kotlaugum.

Ýtan og þreskivélin eru í umsjón Grétars Skúlasonar og eiga pantanir berast til hans í síma 894-7208.

Verðskrá Búnaðarfélags Hrunamanna 2013

(Skuldlausir félagsmenn fá 5% afslátt nema af útseldri vinnu)

Tæki	Verð	Eining	Athugasemdir
Ýta (án manns)	8.600	klst	
Maður á ýtu	2.900	klst	
Komugjald innansveitar ýta	7.400		
Kornskurðarvél m/manni	18.900	klst	
Komugjald kornskurðarvél	13.200		
Kornvals	3.200	klst	
Kornsuga	1.500	á tonn	
Pinnatætari	2.500	klst	
Hnífatætari	2.500	klst	
Plógar 5 skeri	2.500	klst	
Plógar 3 skeri	2.000	klst	
Haughræra	5.600	klst	Ekki leigð utansveitar
Steypuvél	3.200	start	
Steypuvél pokagjald	55	poki	
Loftunarrípper	3.200	á dag	
Loftpressa	3.200	á dag	
Kalkdreifari	530	á tonn	
Áburðardreifari	530	á tonn	Kynningarverð
Haugsuga 0-20 tímar	3.100	klst	
Haugsuga 21-	2.500	klst	
Taðdreifari 0-20	3.100	klst	
Taðdreifari 21	2.500	klst	
Flaghefill	1.100	klst	
Sturtukerra 0-20 tímar	2.100	klst	
Sturtukerra 21-	1.700	klst	
Flatvagn 0-20 tímar	2.100	klst	
Flagvagn 21-	1.700	klst	
Valtari	1.600	hektari	
Ruddasláttuvél	1.200	klst	
Diskahefði	2.400	klst	
Fjaðrahefði	3.000	klst	
Hestakerra innansveitar	6.000	á dag	
Hestakerra utansveitar	11.000	á dag	Afréttur utansveitargjald
Hreinsunargjald	5.500		
Flutningsgjald ýta utansveitar	-	kr/km	Samið sérstaklega

Systurnar í Haukholtum, þær Anna María og Ástbjört með kíðlinga. Ljós: SigSigm



Frá handverkssýningu eldri Hrunamanna.
Ljós: SigSigm

